

Eiríkur Bergmann

„Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar“
Áhrif þjóðernishugmynda á Evrópustefnu íslenskra stjórnvalda

(Sýnishorn)

Doktorsrannsókn

Júní 2009

Háskóli Íslands
Stjórnmálafræðideild

Reykjavík 2009

ISBN 978-9979-70-600-7

© Eiríkur Bergmann Einarsson

Leturprent

Ágrip

Í rannsókninni er spurt hvers vegna Íslendingar kusu að tengjast Evrópusamrunanum í gegnum Evrópska efnahagssvæðið (EES) og Schengen-landamærasamstarfið en ekki með fullri aðild að Evrópusambandinu. Rannsóknin nær fram til maí 2009. Tekið er til skoðunar hvort skýri betur þessa afstöðu íslenskra stjórnámálanna, efnahagslegir hagsmunir eða hugmyndir um fullveldi þjóðarinnar. Ritgerðinni er skipt í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um þá kenningarlegu umræðu sem fram hefur farið um tengsl ríkja við Evrópusamrunann, í öðrum hluta eru tengsl Íslands við Evrópusamrunann til skoðunar og í þeim þriðja er orðræða íslenskra stjórnámálanna um þátttöku í evrópsku samstarfi greind í þremur afmörkuðum umræðulotum: Fyrst í aðdraganga EFTA-aðildar (1970), síðan í aðdraganda EES-aðildar (1994) og að lokum afmarkað tímabil þegar rætt var um hugsanlega inngöngu í ESB (2000 til 2003).

Innan vébanda frjálslyndrar milliríkjahyggju er því haldið fram að hagsmunir leiðandi atvinnugreina séu ráðandi um tengsl Norðurlandarákja við Evrópusamrunann. Samkvæmt kenningunni eru það hagsmunir í sjávarútvegi sem móta tengsl Íslands við ESB. Sú staðreynd að ekki hafði verið látið reyna á sjávarútvegsmálið í aðildarviðræðum bendir þó til að fleiri breytur geti skipt máli.

Í rannsókninni er aðferðum síðformgerðarhyggju og mótunarhyggju beitt til að greina hvort hugmyndir Íslendinga um fullveldið og þjóðina móti afstöðu íslenskra stjórnámálanna til Evrópusamstarfsins og þá hvernig. Í sjálfstæðisbaráttunni á níttjándu öld varð til einörð og að nokkur leyti sérstök þjóðernisstefna þar sem megináhersla var lögð á fullveldi þjóðarinnar sem heildar – fremur en á frelsi einstaklingsins sem hafði verið einn meginþráður evrópskrar frjálslyndisstefnu.

Í efnahagslegu tilliti hafa íslensk stjórnvöld engu að síður álíka þörf og stjórnvöld annars staðar í Evrópu til að taka þátt í samrunaþróuninni, og kann þetta að skýra veru Íslands í EES. Samningurinn veitir Íslendingum aðild að innri markaði ESB en um leið samþykktu íslensk stjórnvöld að lúta reglum ESB í samstarfinu – og þar með afmarkað framsal ákvarðanatöku og ríkisvalds. Þessi togstreita, á milli efnahagslegra hagsmuna og hugmynda um fullveldi íslensku þjóðarinnar, hefur síðan framkallað eins konar rof á milli orðræðunnar um hina frjálsu og fullvalda íslensku þjóð og þess raunveruleika sem blasir við í samstarfinu.

Meginniðurstaða rannsóknarinnar er sú að arfleið sjálfstæðisbaráttunnar hafi haft mótandi áhrif á orðræðu íslenskra stjórnámálanna í Evrópumálum. Sérstök áhersla á fullveldi þjóðarinnar hefur frá því á 19. öld verið einn helsti grundvöllur íslenskra stjórnmála. Af þeim sökum fellur þátttaka í yfirþjóðlegum stofnunum Evrópusambandsins illa að ríkjandi orðræðu þar sem megináhersla er lögð á vernd fullveldisins og eilífa sjálfstæðisbaráttu íslensku þjóðarinnar.

Abstract

The research asks why Iceland has – until May 2009 - chosen to participate in the European project through the EEA and Schengen agreements but not with full membership in the EU. It analyses whether ideas on Iceland's sovereignty or economic interests can better explain the approach Icelandic politicians have taken towards European integration. The book is divided in three parts. Part I analyses theoretical discussions on states' relations with the European integration process. Part II deals with Iceland's current participation in the European project. Part III analyses the discourse Icelandic parliamentarians have used in three rounds of discussions on Europe, first in the EFTA-debate (1970), then leading up to the establishment of the EEA (1994) and finally, an debate in the parliament on possible EU-membership (2000-2003).

Within liberal intergovernmentalist theories it is claimed that the interests of the leading sector in each nation's economy can best explain the different approaches the Nordic states have chosen in the European integration process. According to these theories, economic interests of the fisheries sector dictate Iceland's relationship with the EU. However, the fact that the fisheries issue has not been put to the test in accession negotiations indicates that other factors might also be of importance.

Based on a post-structural and constructivist approach, this research therefore analyses if and how ideas on the Icelandic nation and its sovereignty affects the stance Icelandic politicians have taken towards the European project. Icelanders' struggle for independence in the 19th century created a special kind of nationalism which gives prominence to the sovereignty of the nation as a whole, rather than individual freedom which was one of the main trends of the Enlightenment.

Economically, however, Iceland feels the same need as other European states to participate in European co-operation, which can explain its membership in the EEA. The agreement brings Iceland into the European single market, but at a cost: Iceland has agreed to adopt the EU's regulations within the boundaries of the agreement, and thus a transfer of decision making and domestic governmental power to the EU. This dilemma, between economic interests on the one hand and ideas on the sovereignty of the Icelandic nation on the other, has created a kind of a rift between the emphasis on the free and sovereign nation and the reality Iceland is faced with in the co-operation.

The main finding of the research is that the inheritance of the independent struggle still directs the discourse Icelandic politicians' use in the debate on Europe. A strong emphasis on sovereignty has become the foundation on which Icelandic politics rests. Participation in EU's supra-national institutions falls, in a way, outside the framework of Icelandic political discourse, which highlights Iceland's sovereignty and stresses an everlasting independent struggle. (English summary follows by the end of the book.)

Formáli

Allar götur frá því að EES-samningurinn var samþykktur á Alþingi í byrjun árs 1993 hefur sú spurning leitað á mig hvers vegna íslensk stjórnvöld kusu fremur þá leið en fulla aðild að Evrópusambandinu. Samflotsríki Íslands EFTA-megin hryggjar höfðu þá öll sótt um aðild að Evrópusambandinu. Íslensk stjórnvöld voru þau einu sem sáu samninginn fyrir sér til langframa. Þessi sérstæða afstaða íslenskra stjórnvalda kveikti í raun áhuga minn á Evrópumálum og bar mig á endanum í doktorsnám við Háskóla Íslands, en þar var ég svo heppinn að Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, deildi áhuga mínum á málefnum og samþykkti að leiðbeina mér með verkefnið ásamt þeim Guðmundi Hálfðanarsyni, sagnfræðiprófessor, og Guðmundi Alfreðssyni, lagaprófessor, sem skipuðu doktorsnefndina. Rannsókninni er ætlað að takast á við þetta álitaefni. Umfjöllunartími hennar er fram í maí árið 2009.

Í gegnum tíðina hef ég haft tækifæri til að skoða Evrópumálin frá ýmsum hliðum. Á námsárunum undir lok liðinnar aldar tók ég þátt í margvíslegu evrópsku æskulýðssamstarfi og var meðal annars í nefnd á vegum *European Youth Forum* sem átti að stuðla að lýðræðisuppbyggingu í Austur-Evrópu. Í kandidatsnámi í alþjóðastjórnmálum við Kaupmannahafnarháskóla lagði ég mig sérstaklega eftir námskeiðum um Evrópumál. Haustið 1999 hóf ég svo störf sem verkefnisstjóri Evrópumála hjá Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands og var í krafti þess skipaður í ýmsar nefndir um rannsóknamál á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Á árunum 2001 og 2002 starfaði ég svo sem upplýsingafulltrúi í fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB í Ósló. Ég hef einnig ritað nokkrar bækur um tengsl Íslands og Evrópusambandsins og kennt fjölmörg námskeið um Evrópumál við innlenda og erlenda háskóla. Frá árinu 2005 hef ég starfað sem dósent og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst og séð um meistaranám skólans í Evrópufræðum. Þrátt fyrir að hafa nálgast Evrópumálin úr öllum þessum ólíku áttum hefur fyrrnefnd afstaða íslenskra stjórnvalda til Evrópumálanna aðeins orðið áleitnari í mínum huga: Hvers vegna EES en ekki ESB?

Vinna við ritsmíðina hófst haustið 2003 en í lok þess árs var áratugur liðinn frá því Ísland varð hluti af innri markaði Evrópusambandsins með EES-aðildinni. Doktorsrannsókn er margslungin vegferð, á löngum stundum um djúpa dali og dimma hella en svo rofar til. Hinn einmana leitandi rannsóknarmaður verður víða fyrir áhrifum. Ég stend því í þakkarskuld við marga: Sómamennirnir þrír í doktorsnefndinni voru mér stoð og stytta í gegnum allan ferilinn, hvöttu mig og studdu með ráðum og dáð en héldu mér umfram allt á réttri braut í þau fjölmörgu skipti þegar verkið virtist á leið út í móa. Allir veittu þeir margvíslegar og viðamiklar ábendingar sem opnuðu augu mín fyrir nýjum leiðum til að nálgast viðfangsefnið. Vinnuveitanda mínum, Háskólanum Bifröst – sér í lagi rektor hans Ágústi Einarssyni, þakka ég kærlega fyrir að veita mér nauðsynlegt svigrúm til að vinna að verkinu og losa mig tímabundið frá störfum þegar mest lá við. Rannsóknarsjóður Háskóla Íslands veitti einnig ómetanlegan fjárstuðning. Kolbrúnu Eggertsdóttur, kennslustjóra félagsvísindasviðs HÍ, þakka ég margvíslega aðstoð, sér í lagi við útgáfu verksins. Mördur Árnason aðstoðaði við

frágang verksins og veitti mikilvægar ábendingar. Heiti ritgerðarinnar, „Hið huglæga sjálfstæði þjóðarinnar“ er fengið úr þingræðu Jóhanns Ársælssonar um EES-samninginn í september 1992.

Ég vann að verkinu jöfnum höndum heima á Íslandi og á rannsóknarferðum erlendis. Mér er ljúft og skylt að þakka Lene Hansen og Kaupmannahafnarháskóla fyrir að veita mér aðstöðu og góðan stuðning. Í London opnaði Ásgeir Friðgeirsson heimili sitt upp á gátt svo mér gæfist næði til skrifta og Jernej Pikalo útvegaði aðstöðu við Ljubljana-háskóla. Svona mætti lengi telja. Síðast en ekki síst þakka ég fjölskyldu minni dyggan stuðning og óþrjótandi þolinmæði. Ég er viss um að börnin mín, Sólrún Rós, Einar Sigurður og Hrafnhildur, eru fegin að verkinu er lokið, faðirinn hefur nefnilega stundum verið svolítið fjarrænn á heimilinu. Bókin er tileinkuð konu minni, Aino Freyju Jarvela – án stuðnings hennar er með öllu óvíst að höfundurinn hefði nokkurn tíma komist á leiðarenda.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Abstract	4
Formáli.....	5
Efnisyfirlit.....	7
1. kafli: Inngangur og afmörkun	12
I – Evrópuleiðir Norðurlandarákjanna	12
II – Ísland í Evrópu.....	14
III – Hagsmunir og hugmyndir	15
IV – Afstaðan til Evrópu	16
V – Fullveldið og þjóðin	20
VI. Aðferð og uppbygging	21
I. hluti – Kenningarammi og fræðileg umræða.....	22
II. hluti – Tengslin við Evrópu	23
III. hluti – Evrópuumræðan og fullveldið	24
Samantekt, álytkanir og umræða	25

I. hluti: Kenningarammi og fræðileg umræða Error! Bookmark not defined.

2. kafli: Almennar kenningar um Evrópusamrunann Error! Bookmark not defined.

Raunhyggja og frjálslynd alþjóðahyggja	Error! Bookmark not defined.
Raunhyggja.....	Error! Bookmark not defined.
Frjálslynd alþjóðahyggja	Error! Bookmark not defined.
Samrunakenningar.....	Error! Bookmark not defined.
Sambandsríkjahyggja	Error! Bookmark not defined.
Virknihyggja.....	Error! Bookmark not defined.
Ný-virknihyggja	Error! Bookmark not defined.
Millríkjahyggja.....	Error! Bookmark not defined.
Frjálslynd millríkjahyggja.....	Error! Bookmark not defined.
Samantekt	Error! Bookmark not defined.

3. kafli: Hagsmunir leiðandi atvinnugreina Error! Bookmark not defined.

Sérstaða Norðurlanda.....	Error! Bookmark not defined.
Ólíkar áherslur.....	Error! Bookmark not defined.
Áhrif Evrópuvæðingar	Error! Bookmark not defined.
Aukinn Evrópusamruni.....	Error! Bookmark not defined.
Ólíkar áherslur.....	Error! Bookmark not defined.
Hvað skýrir ólík tengsl við Evrópusamrunann?	Error! Bookmark not defined.
Atvinnugreinaskýringin	Error! Bookmark not defined.
Ólíkar atvinnugreinar, ólík nálgun	Error! Bookmark not defined.
Mismunandi áherslur atvinnugreina	Error! Bookmark not defined.
Hvað veldur þrýstingi?	Error! Bookmark not defined.
Hreyfanleiki framleiðslunnar	Error! Bookmark not defined.
Samráðskerfi á Norðurlöndum	Error! Bookmark not defined.
Tengsl við hefðbundnar kenningar	Error! Bookmark not defined.

Ingebritsen og frjálslynd milliríkjahyggja	Error! Bookmark not defined.
4. kafli: Hugmyndir og innanlandsstjórnarmál	Error! Bookmark not defined.
Mótunarhyggja	Error! Bookmark not defined.
Síðformgerðarhyggja	Error! Bookmark not defined.
Mikilvægi orðræðunnar	Error! Bookmark not defined.
Gagnrýni á Ingebritsen og frjálslynda milliríkjahyggju	Error! Bookmark not defined.
Evrópuumræðan á Norðurlöndum	Error! Bookmark not defined.
Tengsl þjóðar og ríkis	Error! Bookmark not defined.
Hagsmunir eða hugmyndir?	Error! Bookmark not defined.
5. kafli: Skýringar á sérstöðu Íslands	Error! Bookmark not defined.
Smárikjaskýringar	Error! Bookmark not defined.
Þorskastríð, varnarsamstarf og aðrar skýringabreytur	Error! Bookmark not defined.
6. kafli: Fræðileg afstaða og afmörkun	Error! Bookmark not defined.
7. kafli: Þjóðernishugmyndir Íslendinga	Error! Bookmark not defined.
Hvað er þjóð?.....	Error! Bookmark not defined.
Þjóðernisstefna	Error! Bookmark not defined.
Sögulegt yfirlit.....	Error! Bookmark not defined.
Gullöldin og goðsögnin	Error! Bookmark not defined.
Lagalegur málatilbúnaður.....	Error! Bookmark not defined.
Endurfæðing þjóðar.....	Error! Bookmark not defined.
Íhaldssamt þjóðerni	Error! Bookmark not defined.
Þjóðernið og nútíminn	Error! Bookmark not defined.
Hin eilífa sjálfstæðisbarátta	Error! Bookmark not defined.
Samantekt og umræða	Error! Bookmark not defined.
II. hluti: Tengslin við Evrópu	Error! Bookmark not defined.
8. kafli: Tilurð og markmið EES.....	Error! Bookmark not defined.
EFTA á undan EES	Error! Bookmark not defined.
Aðdragandi EFTA	Error! Bookmark not defined.
9. kafli: Uppbygging og formleg staða	Error! Bookmark not defined.
Tvær stoðir.....	Error! Bookmark not defined.
Stofnanauppbygging.....	Error! Bookmark not defined.
Stofnanir EES.....	Error! Bookmark not defined.
Stofnanir EFTA	Error! Bookmark not defined.
10. kafli: Stjórnarskráin og fullveldið	Error! Bookmark not defined.
Fullveldi þjóða.....	Error! Bookmark not defined.
Lagalegt fullveldi	Error! Bookmark not defined.
Stjórnspeki, fullveldi og ríkið.....	Error! Bookmark not defined.
Fullveldi Vestfalíu.....	Error! Bookmark not defined.
Fullveldi og alþjóðasamfélag.....	Error! Bookmark not defined.
Innra og ytra fullveldi.....	Error! Bookmark not defined.

11. kafli: Staða og virkni EES	Error! Bookmark not defined.
Breytt vægi EFTA og ESB.....	Error! Bookmark not defined.
Nýir sáttmálar	Error! Bookmark not defined.
Áhrif austurstækkunarinnar	Error! Bookmark not defined.
Ákvarðanataka í EES	Error! Bookmark not defined.
Þátttaka í sérfræðinganefndum og fagstofnunum	Error! Bookmark not defined.
Breytt framkvæmd.....	Error! Bookmark not defined.
Neitunarvaldið	Error! Bookmark not defined.
Innleiðing lagagerða.....	Error! Bookmark not defined.
Erfiðleikar í rekstri.....	Error! Bookmark not defined.
Endurskoðun á EES	Error! Bookmark not defined.
Færar leiðir	Error! Bookmark not defined.
12. kafli: Erfiðleikar samfara stækkun ESB	Error! Bookmark not defined.
Austurstækkunin 2004.....	Error! Bookmark not defined.
Forsagan.....	Error! Bookmark not defined.
Krafa um stórauknar greiðslur	Error! Bookmark not defined.
Niðurstöður samninganna	Error! Bookmark not defined.
Austurstækkunin 2007.....	Error! Bookmark not defined.
Umræða og samantekt.....	Error! Bookmark not defined.
13. kafli: Schengen-landamærasamstarfið	Error! Bookmark not defined.
Þátttaka Íslands og Noregs	Error! Bookmark not defined.
Stofnanasamstarf.....	Error! Bookmark not defined.
14. kafli: Hlutfall lagagerða	Error! Bookmark not defined.
Málefnasvið	Error! Bookmark not defined.
Lagagerðir ESB	Error! Bookmark not defined.
Vantaldar gerðir	Error! Bookmark not defined.
Fjöldi lagagerða.....	Error! Bookmark not defined.
Samanburður við Svíþjóð	Error! Bookmark not defined.
Hlutfall ESB-reglna í Svíþjóð og Hollandi.....	Error! Bookmark not defined.
Samanburður við Noreg.....	Error! Bookmark not defined.
Varhugaverðir útreikningar	Error! Bookmark not defined.
15. kafli: Munurinn á EES og ESB	Error! Bookmark not defined.
Þátttaka í stofnunum ESB og aðkoma að ákvarðanatöku	Error! Bookmark not defined.
Landbúnaðar- og byggðapróun	Error! Bookmark not defined.
Stuðningur og stærri markaður	Error! Bookmark not defined.
Sjávarútvegur.....	Error! Bookmark not defined.
Utanríkismál.....	Error! Bookmark not defined.
Fjárframlög og efnahagsleg áhrif.....	Error! Bookmark not defined.
Myntbandalag Evrópu	Error! Bookmark not defined.
16. kafli: Undanþágur og sérlausnir	Error! Bookmark not defined.
Undanþágur.....	Error! Bookmark not defined.
Sérlausnir	Error! Bookmark not defined.
Sjávarútvegur á Möltu	Error! Bookmark not defined.

Sérlausnir innan ESB	Error! Bookmark not defined.
Möguleg sérlausn fyrir Ísland	Error! Bookmark not defined.
17. kafli: Umræða og samantekt	Error! Bookmark not defined.
III. hluti: Evrópuumræðan og fullveldið	Error! Bookmark not defined.
18. kafli: Almennt um Evrópuumræðuna	Error! Bookmark not defined.
Aðferð	Error! Bookmark not defined.
19. kafli: EFTA (1968–1969)	Error! Bookmark not defined.
Umræðulotur	Error! Bookmark not defined.
Umræðuefnið	Error! Bookmark not defined.
Alþýðuflokkur	Error! Bookmark not defined.
Sjálfstæðisflokkur	Error! Bookmark not defined.
Framsóknarflokkur	Error! Bookmark not defined.
Alþýðubandalag	Error! Bookmark not defined.
Samtök frjálslyndra og vinstri manna	Error! Bookmark not defined.
Samantekt og umræða	Error! Bookmark not defined.
Stjórn og stjórnarandstaða	Error! Bookmark not defined.
Sjálfstæðið og sérstaða Íslands	Error! Bookmark not defined.
20. kafli: EES (1989–1993)	Error! Bookmark not defined.
Umræðulotur á Alþingi	Error! Bookmark not defined.
Umræðuefnið	Error! Bookmark not defined.
Alþýðuflokkur	Error! Bookmark not defined.
Sjálfstæðisflokkur	Error! Bookmark not defined.
Framsóknarflokkur	Error! Bookmark not defined.
Alþýðubandalag	Error! Bookmark not defined.
Kvennalisti	Error! Bookmark not defined.
Samantekt og umræða	Error! Bookmark not defined.
Samanburður við umræðurnar um EFTA	Error! Bookmark not defined.
Fullveldisdeilan	Error! Bookmark not defined.
21. kafli: ESB-umræðan (2000–2003)	Error! Bookmark not defined.
Umræðulotur	Error! Bookmark not defined.
Almennt um Evrópuumræðuna	Error! Bookmark not defined.
Samfylking	Error! Bookmark not defined.
Sjálfstæðisflokkur	Error! Bookmark not defined.
Framsóknarflokkur	Error! Bookmark not defined.
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	Error! Bookmark not defined.
Frjálslyndi flokkurinn	Error! Bookmark not defined.
Samantekt og umræða	Error! Bookmark not defined.
Samanburður við umræðurnar um EFTA og EES	Error! Bookmark not defined.
Fiskurinn, fullveldið og þjóðin	Error! Bookmark not defined.
22. kafli: Samantekt, ályktanir og umræða	Error! Bookmark not defined.
I – Hagsmunir leiðandi atvinnugreina	Error! Bookmark not defined.

II – Hindranir á Evrópuför	Error! Bookmark not defined.
III – Þjóðernisstefnan	Error! Bookmark not defined.
IV – Evrópa og fullveldið	Error! Bookmark not defined.
V – Hvers vegna EES en ekki ESB?	Error! Bookmark not defined.
VI – Fullveldið.....	Error! Bookmark not defined.
VII – Orðræðan og þjóðin	Error! Bookmark not defined.
VIII – Þrástef.....	Error! Bookmark not defined.
IX – Lagagerðaprætur	Error! Bookmark not defined.
X – Evruumræðan	Error! Bookmark not defined.
XI – Fiskurinn er líka fullveldismál	Error! Bookmark not defined.
XII – Lokaniðurstaða	Error! Bookmark not defined.
English summary.....	Error! Bookmark not defined.
1. Introduction.....	Error! Bookmark not defined.
2. The sectoral approach.....	Error! Bookmark not defined.
3. The fish factor.....	Error! Bookmark not defined.
4. The sovereignty factor	Error! Bookmark not defined.
5. Nationalism and the unique Icelandic nation	Error! Bookmark not defined.
6. De-facto membership of the EU.....	Error! Bookmark not defined.
7. Why EEA but not the EU?	Error! Bookmark not defined.
8. Sovereignty games	Error! Bookmark not defined.
9. The debate on Europe	Error! Bookmark not defined.
10. How deep is your love?	Error! Bookmark not defined.
11. Sovereignty vs. fisheries	Error! Bookmark not defined.
12. Conclusion	Error! Bookmark not defined.
Heimildaskrá	Error! Bookmark not defined.

1. kafli: Inngangur og afmörkun

Þann 25. maí 2009 lagði utanríkisráðherra fram þingsályktunartillögu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu.¹ Tillagan var í samræmi við ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs (VG) sem birt var fyrr í sama mánuði. Eigi að síður voru afar skiptar skoðanir um málið milli flokkanna og margir þingmenn VG áskyldu sér rétt til að greiða atkvæði gegn tillögunni á þingi. Í yfirlýsingunni segir að flokkarnir séu sammála um að „virða ólíkar áherslur hvors um sig gagnvart aðild að Evrópusambandinu og rétt þeirra til málflutnings og baráttu úti í samfélaginu í samræmi við afstöðu sína.“² Í lok maí 2009, þegar vinnu við þessa rannsókn lauk, var því óvíst hvort Ísland myndi sækjast eftir ESB-aðild en fram að því hafði landið verið það eina í Vestur-Evrópu - fyrir utan örríkin Andorra, San Marínó, Mónakó og Liechtenstein, sem öll hafa umfangsmikið og náið efnahagslegt samband við stór nágrannaríki³ – sem ekki hafði óskað eftir aðildarviðræðum við Evrópusambandið.⁴ Sú staðreynd gerir Ísland að áhugaverðu viðfangsefni þeirra sem fást við að rannsaka Evrópusamstarf og þátttöku ríkja í Evrópusamrunanum.

Ísland var þó ekki eina ríkið í Vestur-Evrópu sem stóð fyrir utan stofnanir Evrópusambandsins. Til að mynda voru hvorki Noregur né Sviss aðilar að ESB. Bæði voru þó ásamt Íslandi í EFTA auk furstadæmisins Liechtenstein sem er heldur ekki í ESB. Noregur og Liechtenstein tengdust Evrópusamrunanum á svipaðan hátt og Ísland, í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og Schengen-landamærasamstarfið, en Sviss hafði víðtækt samstarf við Evrópusambandið með fjölmörgum tvíhliða samstarfssamningum, auk sérstaks samnings um aðild að Schengen-starfinu. Munurinn er hins vegar sá að stjórnvöld í Sviss og Noregi höfðu löngu fyrr sóst eftir aðild að ESB. Norsk stjórnvöld höfðu tvisvar samið um ESB-aðild en í bæði skiptin hafnaði norska þjóðin aðildarsamningnum í atkvæðagreiðslu og Svisslendingar drógu sína umsókn til baka eftir að þarlendir kjósendur höfnuðu EES-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1992.

I – Evrópuleiðir Norðurlandarákanna

Norrænu ríkin tóku ekki þátt í Evrópusamrunanum í upphafi þegar sex ríki á meginlandi Evrópu hófu samstarfið með Parísarsáttmálanum árið 1952 og Rómarsáttmálanum árið 1957, sem síðan hefur þróast yfir í það Evrópusamband sem við

¹ Tillaga til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu (2009, 25. maí).

² Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs (2009, 16. maí), 16.

³ Sjá: Grossman (2005). Finding the Law: The Micro-States and Small Jurisdictions of Europe: Andorra, Cyprus, Northern Cyprus, Iceland, Liechtenstein, Luxembourg, Malta, Monaco, Montenegro, San Marino, Vatican State; UK European dependencies: Channel Islands, Gibraltar, Isle of Man; Faroe Islands and Greenland.

⁴ Til hægðarauka verður heitið „Evrópusambandið“ (skst. ESB) einnig notað hér um fyrirrennara hins eiginlega ESB allt frá stofnun Kola- og stálbandalagsins árið 1952, nema þegar þörf er á fyrri heitum samhengisins vegna.

þekkjum nú. Norðurlandarákin hafa því ekki verið í þeim hópi sem hefur keyrt Evrópusamrunann áfram heldur þvert á móti í hópi þeirra sem hafa haft hvað mestar efasemdir um það yfirþjóðlega samstarf sem á sér stað innan ESB. Nánar er fjallað um sérstöðu ESB hvað þetta varðar í næsta hluta. Ríkin á Norðurlöndum hafa hins vegar löngum haft með sér víðtækt samstarf og þau hafa heldur ekki farið varhluta af þeirri samrunaþróun sem hefur átt sér stað á meginlandi Evrópu. Sem svar við hinu yfirþjóðlega samstarfi Evrópuríkja sem komið var á innan stofnana Evrópusambandsins stóðu þrjú norrænu ríkjanna, Svíþjóð, Noregur og Danmörk, ásamt fleiri ríkjum að stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) árið 1960, sem var í upphafi hugsað sem einhvers konar mótvægi við Evrópusambandið og átti fyrst og fremst að koma á fríverslun með iðnaðarvöru innan svæðisins. Ísland gekk til liðs við EFTA árið 1970 eftir harkaleg átök um málið innanlands. Stofnanauppbygging EFTA mótaðist þó alfarið af hefðbundnu milliríkjasamstarfi og fól ekki í sér framsal ákvörðunarréttar til yfirþjóðlegra stofnana. Í Vestur-Evrópu urðu því til tvær stofnanir utan um kerfisbundið efnahagssamstarf ríkja og byggðust á ólíkri nálgun, Evrópusambandið með sameiginlegar yfirþjóðlegar stofnanir sem fengu vald til að taka bindandi ákvarðanir fyrir aðildarríkin, og svo EFTA sem voru hefðbundin milliríkjasamtök.

Þessi ólíka nálgun þeirra tveggja stofnana sem Evrópuríki settu á stofn til að tryggja aukið samstarf rímar vel við þau átök sem ávallt hafa fylgt Evrópusamrunanum; átök milli þeirra sem vilja að Evrópusamstarfið byggist á yfirþjóðlegu valdi í sameiginlegum stofnunum og þeirra sem vilja fremur að Evrópuríki hafi með sér hefðbundið milliríkjasamstarf. Þessi átök hafa sett mark sitt á það Evrópusamstarf sem við þekkjum nú. Hefðbundnar almennar kenningar um Evrópusamrunann,⁵ sem er einstakur sinnar tegundar,⁶ endurspeglar þessa togstreitu vel, svo sem samrunakenningar ný-virknihyggju (e. neo-functionalism), þar sem litið er á Evrópusamstarfið sem síbreytilegt yfirþjóðlegt samstarf, og svo kenningar þeirra sem aðhyllast milliríkjahyggju (e. intergovernmentalism) og líta á Evrópusamstarfið sem frjálst samstarf fullvalda ríkja og draga í efa yfirþjóðlegt hlutverk Evrópusambandsins. Nánar er fjallað um þessar kenningar í öðrum kafla. Stefna kjarnaríkjanna á meginlandinu hefur einkum fylgt línu ný-virknihyggjunnar en stefna Norðurlandarákjanna, Bretlands og Alparíkjanna (Sviss og Austurríkis) í EFTA var nær sýn milliríkjahyggjunnar, í það minnsta framan af.

Þó að Norðurlandarákin hafi öll skipað sér í hóp þeirra ríkja sem hægar vilja fara í samrunaþróuninni hafa þau komið á mjög ólíkan hátt að samstarfinu. Öll kusu þau í upphafi hægfara nálgun en að öðru leyti er erfitt að skýra mismunandi tengsl Norðurlandarákjanna við Evrópusamrunann út frá hefðbundnum almennum kenningum um Evrópusamstarf. Danir gengu úr EFTA og til liðs við Evrópusambandið strax árið 1973 ásamt Bretum og Írum. Ríkisstjórn Noregs samdi þá líka um ESB-aðild en þjóðin hafnaði þeim samningi í atkvæðagreiðslu. Svíar og Finnar gengu svo í ESB árið 1995 ásamt Austurríkismönnum en norska þjóðin hafnaði aðildarsamningi í annað sinn. Áður höfðu EFTA-ríkin samið um náðið

⁵ Í þessari ritgerð eru samrunakenningar (e. federalism, functionalism, neo-functionalism) og milliríkjakenningar (e. intergovernmentalism, liberal intergovernmentalism) skilgreindar sem hefðbundnar almennar kenningar um Evrópusamrunann.

⁶ Á latínu *sui generis*.

samstarf við Evrópusambandið með samningnum um Evrópska efnahagsvæðið (EES) sem gekk í gildi í ársbyrjun 1994 eftir nokkra töl á gildistöku sem meðal annars stafaði af því að Svisslendingar höfnuðu samningnum.

Staðan á Norðurlöndum er því sú að þrjú ríkjanna, Danmörk, Svíþjóð og Finnland, eru í Evrópusambandinu. Ísland og Noregur standa á hinn bóginn fyrir utan stofnanir ESB en tengjast Evrópusambandinu þó afar nánum böndum í gegnum EES-samninginn og Schengen-landamærasamstarfið. Til flækja myndina enn frekar hefur finnska ríkisstjórnin að mestu látið af fyrirvörum sínum og tekið upp síaukið Evrópusamstarf. Finnland er nú eitt Norðurlandarákanna með hina sameiginlegu mynt, evruna, og telst ekki lengur til þeirra ríkja sem vilja hægjara samrunaþróun. Danir hafa ávallt verið tregir í taumi í framþróun Evrópusamrunans og höfnuðu bæði Maastricht-sáttmálanum og evrunni í þjóðaratkvæðagreiðslu. Danir sömdu þó um ýmsar undanþágur frá Maastricht-sáttmálanum með svokölluðu Edinborgarsamkomulagi sem loks var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1994. Svíar höfnuðu einnig upptöku evrunnar í atkvæðagreiðslu árið 2003. Þá sker Ísland sig frá Noregi í EES-samstarfinu því eins og áður segir er Ísland eina ríkið í Vestur-Evrópu sem aldrei hefur sótt um aðild að Evrópusambandinu.

Náin efnahagsleg, söguleg og menningarleg tengsl eru með Norðurlandarákjnum fimm eins og nánar verður rætt í þriðja kafla. Ólík tengsl þeirra við Evrópusamrunann gerir það því afar áhugavert að bera Ísland saman við stöðu hinna ríkanna.

II – Ísland í Evrópu

Með EES-samningnum fékk Ísland eins konar aukaaðild að Evrópusambandinu eins og nánar er greint og skýrt frá í hluta II.⁷ Samningurinn gerði Ísland svo gott sem að fullgildum þátttakanda á innri markaði Evrópusambandsins; fjórfrelsið svokallaða, eða frelsi með vöruviðskipti og þjónustuviðskipti, fjárfestingafrelsi og frjáls för launafólks, var útvíkkað til EFTA/EES-ríkanna (Íslands, Noregs og Liechtenstein) og að auki komið á kerfisbundnu samstarfi á ýmsum sviðum sem liggja fyrir utan innri markaðinn, svo sem á sviði umhverfismála, rannsókn- og menntamála. Sem dæmi má nefna að Ísland er fullgildur aðili að viðamikilli rannsóknáætlun ESB. EFTA/EES-ríkin samþykktu enn fremur að taka upp í innlendan rétt nær allar lagagerðir ESB sem gilda á innri markaðinum. Að auki tekur Ísland nú fullan þátt í Schengen-landamærasamstarfi ESB og Dyflinnar-samkomulaginu svokallaða um meðhöndlun hælisleitenda með sérstöku samkomulagi sem gert var við Ísland og Noreg árið 2001. Íslenskur efnahagur er nú samofinn innri markaði ESB, svo mjög að í efnahagslegu tilliti er nánast óhugsandi að rekja samstarfið upp og snúa aftur til þeirra viðskiptahafta sem giltu fyrir inngönguna í EES – með endurupptöku tolla, afnámi á rétti til atvinnu, rofi á vísindasamstarfi og svo framvegis.

⁷ Sjá: Eriksen (2008). Democracy lost: The EEA agreement and Norway's democratic deficit.

Samanlagt gerir þátttakan í EES og Schengen-samstarfinu Ísland semsé að afar virkum þátttakanda í Evrópusamrunanum eins sýnt er fram á í hluta II. Á sumum sviðum hafa Íslendingar og Norðmenn jafnvel gengið lengra í Evrópusamrunanum en sumar þeirra þjóða sem formlega tilheyra Evrópusambandinu.⁸ Bretland og Írland standa til að mynda utan við Schengen-samstarfið á meðan Ísland tekur virkan þátt í því. Og þótt ráð sé fyrir því gert í Maastricht-sáttmálanum að aðildarríki ESB taki upp hina sameiginlegu mynt, evruna, þá er raunin samt sem áður sú að sum þeirra hafa ákveðið að gera það ekki.⁹ Í Bretlandi er enn notast við breskt pund og Svíar brúka enn sína krónu. Danir fengu formlega undanþágu frá evrunni í Edinborgarsamkomulaginu. Með öðrum orðum er munurinn á stöðu þeirra ríkja sem formlega standa fyrir utan ESB annars vegar og hins vegar þeirra sem eiga aðild að sambandinu ekki eins skýr og ætla mætti þegar meta skal hve mikinn þátt þau taka í Evrópusamrunanum.¹⁰

III – Hagsmunir og hugmyndir

Hér er því haldið fram að hefbundnar almennar kenningar um Evrópusamrunann (sem skilgreindar eru í hluta I), dugi hvorki til að skýra stöðu Íslands í Evrópusamstarfinu né heldur ólík tengsl Norðurlandarákjanna við Evrópusamrunann. Christine Ingebritsen, prófessor við Washington-háskóla í Seattle í Bandaríkjunum, hefur rannsakað hina ólíku afstöðu Norðurlandarákjanna í Evrópusamstarfi.¹¹ Hún heldur því fram að hagsmunir ríkjandi atvinnugreinar í hverju landi fyrir sig ákvarði tengsl þess við Evrópusamrunann. Samkvæmt Ingebritsen er það sjávarútvegurinn á Íslandi sem kemur í veg fyrir Evrópusambandsaðild landsins því sjávarútvegsstefna ESB er talin óhagstæð fyrir þessa mikilvægustu atvinnugrein Íslands.

Með sama hætti, segir Ingebritsen, voru það hagsmunir bænda í Danmörku sem réðu því að Danir gengu í Evrópusambandið árið 1973 því að talið var að þarlendir bændur myndu njóta góðs af landbúnaðarstefnu ESB og því víðtæka styrkjakerfi sem þar er, auk þess sem aðgangur að breskum mörkuðum var afar mikilvægur fyrir danskan landbúnað. Danir gengu í Evrópusambandið í samfloti við Breta sem höfðu frumkvæði í málinu. Eftir lok kalda stríðsins opnaðist svo leið fyrir hlutlausu ríkin, Svíþjóð og Finnland, inn í ESB, segir Ingebritsen, en ráðandi atvinnuvegir þar eru í iðnaði og út frá þeim hagsmunum er Evrópusambandsaðild talin fýsilegur kostur. Samkvæmt Ingebritsen hótuðu fulltrúar iðnaðarins í Svíþjóð og Finnlandi að flytja framleiðslu sína úr landi yrði ekki af Evrópusambandsaðild. Hreyfanleiki iðnaðarins í Svíþjóð og Finnlandi er því lykiltreyta í kenningu Ingebritsen. Ráðandi atvinnuvegir í Noregi og á Íslandi halda hins vegar ríkjunum fyrir utan Evrópusamrunann, það er að segja olíuiðnaðurinn í Noregi og sjávarútvegurinn á Íslandi. Báðar eru þessar

⁸ Sjá til að mynda: Eriksen (2008). *Democracy lost*.

⁹ Hosli (2005). *The Euro: A Concise Introduction to European Monetary Integration*, 35–39.

¹⁰ Sjá: Adler-Nissen (2008). *Organised Duplicity: When States Opt Out of the EU*.

¹¹ Ingebritsen (1998). *The Nordic States and European Unity*.

atvinnugreinar staðbundnar frumvinnslugreinar og því ekki hægt hótta að flytja starfsemi þeirra úr landi. Hér er spurt hvort kenning Ingebritsen standist, hvort það eigi við rök að styðjast að hagsmunir sjávarútvegsins sé lykilhindrunin í vegi Evrópusambandsaðildar Íslendinga.

Ýmsir fræðimenn hafa gagnrýnt kenningu Ingebritsen eins og nánar er fjallað um í þriðja kafla.¹² Þeir sem aðhyllast síðformgerðarhyggju (e. poststructuralism) og mótunarhyggju (e. constructivism), svo sem Sieglinde Gstöhl og Guðmundur Hálfðanarson, segja að nauðsynlegt sé að skoða þjóðernishugmyndir í mismunandi ríkjum til að skýra afstöðu þeirra til Evrópusamrunans.¹³ Þá benda til að mynda Ole Wæver og Lene Hansen á að til viðbótar við hugmyndafræðilegar skýringar verði einnig að rannsaka hina pólitísku orðræðu og ólíkan skilning á hugtökum á borð við *ríki*, *þjóð*, *samfélag* og *fólk*.¹⁴ Peter Katzenstein bætir því svo við að rannsaka verði ýmis efnahagsleg og pólitísk sérkenni smárikja í alþjóðlegu samstarfi þegar meta á tengsl Íslands og annarra Norðurlandarákja í Evrópusamstarfinu.¹⁵ Baldur Þórhallsson nefnir fleiri breytur, svo sem tengslin við Bandaríkin, sérstöðu stjórn málaelítunnar, sérstaka þjóðernisvitund, áhrif þorskastríðanna, landfræðilega legu, smæð stjórnsýslunnar og áhrif kosningakerfisins.¹⁶

Vandinn sem hér blasir við er að framangreindir fræðimenn hafa tínt til fjölmarga ólíka þætti sem hugsanlega geta skýrt stöðu Íslands, og hinna Norðurlandarákjanna, í Evrópusamvinnunni. Það getur vel verið að hver og ein þessara skýringabreytna hafi sín áhrif en í rannsóknum í stjórn málafræði er hins vegar mikilvægt að einangra þá breytu sem mestu máli skiptir til að skýra tiltekna stöðu eða þróun mála, það er að segja að finna frumbreytuna. Hér er spurt hvort verið geti að sérstakar hugmyndir Íslendinga um fullveldi þjóðarinnar sem þróuðust í sjálfstæðisbaráttunni skýri best tengsl landsins við Evrópusamrunann.

IV – Afstaðan til Evrópu

Frá því að núverandi ríkjasamband í Evrópu fór að mótast eftir lok síðari heimsstyrjaldar hefur Evrópusamruninn verið drifinn áfram af stjórn málamönnum en almenningur í Evrópu hefur almennt haft meiri efasemdir um samstarfið en hinir kjörnu fulltrúar. Þessu var hins vegar þveröfugt farið á Íslandi. Á skjön við það sem þekktist annars staðar í Evrópu var afstaða stjórn málaelítunnar á Íslandi til aðildar að Evrópusambandinu

¹² Hér er látið duga að nefna helstu fræðimenn sem um er fjallað í hluta I. Tilvísanir í rit þeirra er jafnframt þar að finna, sem og í heimildarskrá.

¹³ Sjá: Gstöhl (2002). *Reluctant Europeans: Norway, Sweden and Switzerland in the Process of Integration*; Guðmundur Hálfðanarson (2001b). *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk*.

¹⁴ Hansen og Wæver (2002a). *European Integration and National Identity: The challenge of the Nordic states*.

¹⁵ Katzenstein (1996). *Regionalism in Comparative Perspective*.

¹⁶ Baldur Þórhallsson (2004c). *Towards a new theoretical approach*.

mun neikvæðari en almennings. Þetta hafa skoðanakannanir sem gerðar hafa verið reglulega frá gildistöku EES árið 1994 sýnt.¹⁷

Í stjórnarsáttmálum undanfarinna ríkisstjórna hefur gjarnan verið tekið fram að ekki verði sótt um aðild að Evrópusambandinu. Í sáttmála ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá árinu 2003 var Evrópusambandsaðild ekki á dagskrá heldur sagt að áfram skyldi byggt á EES-samningnum. „Samskiptin við Evrópusambandið verði áfram treyst á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og annarra samninga sem Ísland á aðild að. Fylgst verði grannt með samrunaferlinu í Evrópu og áhrifum þess á íslenska hagsmuni.“¹⁸

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar frá árinu 2007 var opnað fyrir markvissa umræðu um Evrópumálin og boðað að komið yrði á föstum samráðsvettvangi um þau á Alþingi. Um leið var skýrt tekið fram að EES-samningurinn hafi reynst vel. Ekki var þó boðuð nein stefnubreyting varðandi tengslin við ESB. Þar segir:

Ríki Evrópusambandsins eru mikilvægasta markaðssvæði Íslands. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) hefur reynst þjóðinni vel og hann er ein af grunnstoðum öflugs efnahagslífs þjóðarinnar. Skýrsla Evrópunefndar verði grundvöllur nánari athugunar á því hvernig hagsmunum Íslendinga verði í framtíðinni best borgið gagnvart Evrópusambandinu. Komið verði á fót föstum samráðsvettvangi stjórnmalaflokka á Alþingi sem fylgist með þróun mála í Evrópu og leggi mat á breytingar út frá hagsmunum Íslendinga. Nefndin hafi samráð við innlenda sérfræðinga og hagsmunaaðila eftir þörfum.¹⁹

Í stjórnarsáttmála minnihlutastjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem tók við völdum 1. febrúar 2009, var ekki áformað að sótt verði um aðild að ESB, aðeins sagt að meta eigi stöðu og horfur Íslands gagnvart samstarfi við Evrópuþjóðir og framtíðarhorfur í gjaldmiðilmálum.²⁰ En eins og að framan greinir ákvað meirihlutastjórn sömu flokka, eftir kosningarnar í lok apríl sama ár, að leggja til við þingið að sækjast eftir ESB-aðild, jafnvel þótt það gengi gegn stefnu annars stjórnarflokksins.

Umræður um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu hafa oft strandað á sjávarútvegsmálum. Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, er meðal þeirra sem hafa fullyrt að sameiginleg sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins kæmi í veg fyrir að Ísland gengi í sambandið. Í fyrirlestri við Oxford-háskóla árið 2004 sagði Davíð til að mynda eftirfarandi:

Af þeim þáttum sem eru með beinum hætti gagnstæðir okkar hagsmunum er fyrst að nefna sameiginlega sjávarútvegsstefnu ESB. Það grundvallarfyrirkomulag að það eru ekki aðildarríkin sem taka meiriháttar ákvarðanir sem varða sjávarútvegsstefnuna heldur stofnanir ESB er óásættanlegt fyrir Ísland að öllu leyti.²¹

¹⁷ Sjá: Gunnar Helgi Kristinsson og Baldur Þórhallsson (2004). The Euro-sceptical political elite.

¹⁸ Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks (2003).

¹⁹ Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar 2007 (2007).

²⁰ Verkefnaskrá og ráðherrar í nýrri ríkisstjórn (2009).

²¹ Davíð Oddsson (2004). Outside the EU: The Case of Iceland. Á ensku: „Of those elements directly opposed to our interests, the first to mention is the EU’s Common Fisheries Policy. The basic principle that major fisheries

Á 35. landsfundi Sjálfstæðisflokksins árið 2005 var ályktað á þessum sömu nótum gegn Evrópusambandsaðild og fleiri ókostir taldir til. Þar segir meðal annars: „Aðild að ESB myndi skerða fullveldi okkar, svipta þjóðina forræði yfir helstu auðlindum sínum, auka útgjöld ríkissjóðs, efla skrifræði og auka þar með óhagkvæmni. Sjálfstæðisflokkurinn telur því aðild að ESB ekki þjóna hagsmunum íslensku þjóðarinnar eins og málum er nú háttað.“²²

Í ályktuninni eru nefndar ýmsar aðrar ástæður en hagsmunir sjávarútvegs sem mæli gegn Evrópusambandsaðild, svo sem skerðing á fullveldi og aukinn kostnaður. Eins og fram kemur þriðja hluta var sjávarútvegsmálið þó afar fyrirferðarmikið í umræðunni. Jafnvel þáverandi formaður Framsóknarflokksins og þáverandi forsætisráðherra, sem löngum hafði talað jákvætt um Evrópusambandsaðild (eins og sýnt er fram á 21. kafla), hafði helst haft efasemdir um að sjávarútvegsstefna ESB gæti samrýmst hagsmunum Íslands. Í ræðu sem hann flutti á Akureyri árið 2004 hafnaði hann svo gott sem aðild Íslands að Evrópusambandinu á meðan sú krafa væri uppi að Íslendingar afsöluðu sér yfirráðum yfir fiskimiðum landsins.

Staðreyndin er þó sú að það er ómögulegt fyrir fiskveiðiþjóðir að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Getur einhver litið í augun á mér og haldið því fram í fullri alvöru að Ísland, land sem hefur 60 prósent af útflutningstekjum sínum af fiskveiðum, eigi að gefa eftir stjórn á eigin fiskveiðum? Er sanngjarnt að krefjast þess að þjóð sem er svo háð fiskveiðum gefi eftir umsjáslu með auðlindinni til stjórnsýslueiningar sem hefur ekki einu sinni tekist að hafa stjórn á eigin auðlindum? Okkur hefur verið sagt aftur og aftur að þetta sé forsenda aðildar. Ég geng svo langt að fullyrða að stefna Evrópusambandsins gagnvart fiskveiðiþjóðum í Norður Evrópu líkist að þessu leyti nýlendustefnu.²³

Það kemur því ekki á óvart að Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) hafnaði alfarið Evrópusambandsaðild, einmitt vegna sameiginlegrar fiskveiðistefnu þess. Í stefnuyfirlýsingu LÍÚ um Evrópumálin segir meðal annars: „Með aðild að Evrópusambandinu myndi Ísland verða að gangast undir hina sameiginlegu sjávarútvegsstefnu þess. Mikil forræðishyggja einkennir þessa stefnu, þar sem ábyrgð og stjórnun á fiskveiðum er tekin frá einstökum ríkjum, sem eiga mestra hagsmuna að gæta og flutt til stjórnkerfisins í Brussel, þ.e. beint undir stjórn bandalagsins sjálfs.“²⁴

Af ofangreindu má sjá að andstæðingar Evrópusambandsaðildar héldu því fram fullum fetum að við aðild að ESB myndu yfirráðin yfir fiskimiðum Íslands, sem svo hart var barist fyrir í þremur þorskastríðum, færast úr höndum íslenskra stjórnvalda og til

policy decisions are made not by member countries but by EU institutions is unacceptable for Iceland in all respects.“

²² Stjórn málaályktun 35. landsfundar Sjálfstæðisflokksins (2003).

²³ Halldór Ásgrímsson (2004). Ocean of Opportunities. Á ensku: „But the fact is that it may not be possible for fishing nations to become member states of the European Union. Can anyone honestly look me in the eye and say that Iceland, a country that gets 60 per cent of its export value from fisheries, should give away control over its fisheries? Is it reasonable to demand that a country that depends on fisheries hands over the management of the resource to a body, which has proven itself unable to manage its own resources? We have been told time again that this is the price of membership. I will go as far as saying that the policies of the European Union towards the fishing states in Northern Europe resemble neo-colonialism in this respect.“

²⁴ Afstaða LÍÚ til Evrópusambandsins og hinnar sameiginlegu sjávarútvegsstefnu þess (e.d., sótt 2005).

embættismanna í sameiginlegum stofnunum í Brussel. Klykkt var út með að sú niðurstaða væri óásættanleg fyrir Íslendinga. Vandinn við þessa fullyrðingu er að aldrei hafði verið sýnt fram á að hún stæðist, því ekki hafði verið látið á það reyna hvort unnt væri fyrir Ísland að fá viðunandi niðurstöðu um fiskveiðivandann í aðildarviðræðum við ESB. Enn fremur eru fyrir hendi vísbendingar um að sjávarútvegsstefna ESB þurfi ekki að ganga gegn íslenskum hagsmunum.²⁵

Í gegnum tíðina hafa verið settar fram athyglisverðar hugmyndir að lausn á þessum vanda í aðildarviðræðum við Evrópusambandið þar sem svo yrði búið um hnútana að Íslendingar héldu yfirráðarétti yfir auðlindinni í hafinu. Eina hina merkustu kynnti Halldór Ásgrímsson, sem hafði eins og að framan er getið lýst efasemdum um að sjávarútvegsstefna ESB gæti samrýmst hagsmunum Íslands, í ræðu í Berlín, og lagði hann þar til að fiskveiðilögsaga Íslands yrði gerð að sérstöku stjórnsýslusvæði innan sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB (CFP), en að yfirráðin yrðu í höndum íslenskra stjórnvalda hér eftir sem hingað til.²⁶ Fulltrúar Evrópusambandsins sem tjáðu sig um tillögu ráðherrans höfðu henni ekki. Morgunblaðið hafði eftir Gerhard Sabathil, þáverandi sendiherra fastanefndar framkvæmdastjórnar ESB gagnvart Íslandi og Noregi: „Þetta eru sannarlega áhugaverðar hugmyndir sem utanríkisráðherra Íslands setti fram í ræðu sinni í Berlín og það er vissulega vert að skoða þær nánar.“²⁷

Í Morgunblaðinu var tæpu ári síðar haft eftir sendiherranum að Íslendingar gætu ekki útilokað viðræður við Evrópusambandið á þeim grundvelli að undanþágur vegna fiskveiðistjórnunar og sjávarauðlinda fengjust ekki. Í samtali við blaðið sagði Gerhard Sabathil að ekkert væri hægt að fullyrða um slíkt fyrr en samningaviðræður hefðu verið reyndar. Nefndi hann sérstaklega samningaviðræður ESB við Möltu í því sambandi og taldi að Íslendingar gætu haft þær til viðmiðunar. Þar fóru stjórnvöld á Möltu fram á ýmsar varanlegar undanþágur frá reglum sambandsins og fengu þær samþykktar. Lagði sendiherrann í því sambandi áherslu á að um varanlegar undanþágur væri að ræða, enda hefðu aðildarsamningar þá stöðu að flokkast sem grunnlög í ESB. Sabathil sagði einnig að lítil lönd hefðu hlutfallslega mikil áhrif innan Evrópusambandsins og að reynslan sýndi að mikið tillit væri tekið til sérstöðu þeirra, og vísaði í því sambandi á reynslu Slóveníu og Möltu. Hann kvaðst hafa skoðað sérstaklega hvaða ríki það væru sem hefðu fengið mestar undanþágur og sérsamninga í aðildarviðræðum, og öfugt við það sem margir héldu væru það fyrst og fremst litlu ríkin sem hefðu fengið undanþágur en ekki stærri ríkin.²⁸

Fleiri vísbendingar komu fram þess efnis að í aðildarviðræðum kynni að vera unnt að ná viðunandi lausn fyrir Ísland í sjávarútvegs málinu. Til að mynda sagði ráðgjafi sjávarútvegsstjóra ESB, Michael Köhler, að reglan um hlutfallslegan stöðugleika ætti að tryggja að Íslendingar ákvæðu sjálfir hverjir veiddu í lögsögunni ef Ísland gengi í ESB. Hann

²⁵ Úlfar Hauksson (2002). Gert út frá Brussel: Íslenskur sjávarútvegur og Evrópusambandið: Sjávarútvegsstefna ESB rannsökuð út frá hugsanlegri aðild Íslands að sambandinu.

²⁶ Halldór Ásgrímsson (2002, 14. mars). Iceland's transatlantic dilemma: Economic ties with Europe – defence ties with the United States. Europe's neglected north-western flank.

²⁷ „Veruleg nálgun við sjónarmið ESB“ (2002).

²⁸ „Ekkert hægt að útiloka“ (2003).

sagði regluna gera ríkjum kleift að setja skilyrði um hver fær að nýta kvótann sem þeim er úthlutaður, eins og nánar er fjallað um í síðari köflum.²⁹

Í umræðunni um hugsanlega aðild Íslands að ESB var því oft haldið fram að sjávarútvegsstefna ESB félli illa að hagsmunum Íslands. Eigi að síður komu fram fjölmargar vísbendingar, eins og hér hefur verið greint frá, sem bentu til að hugsanlega væri hægt að ná farsælli niðurstöðu í sjávarútvegs málinu í aðildarviðræðum. Þrátt fyrir það hafði á þeim tíma sem hér er til rannsóknar ekki náðst samstaða um það á Íslandi að láta á slíkar viðræður reyna. Af þeim sökum er ekki unnt að úrskurða hverju það hefði breytt um afstöðuna til Evrópusambandsaðildar ef fullnægjandi lausn hefði komið fram í sjávarútvegs málinu.

V – Fullveldið og þjóðin

Þessi staða leiðir að annarri spurningu: Getur verið að það hafi verið eitthvað annað en hinir meintu hagsmunir sjávarútvegsins sem stóðu í vegi fyrir Evrópusambandsaðild Íslands? Getur verið að sjávarútvegs málið hafi ekki endilega verið meginástæða andstöðunnar við ESB-aðild og að aðrir þættir hafi ekki síður komið í veg fyrir aðild landsins að ESB? Sú spurning hlýtur að vakna hvort hugsanlegt sé að það hafi ekki aðeins verið efnahagslegir hagsmunir sem réðu för, eins og Ingebritsen telur. Getur verið að þjóðernishugmyndir og hugmyndir Íslendinga um fullveldið sem þróuðust í sjálfstæðisbaráttu Íslands á níttjándu öld og öndverðri tuttugustu öld hafi enn haft afgerandi áhrif þegar kom að tengslum Íslands og Evrópusambandsins? Ýmislegt bendir til að fullveldið sé mikilvæg breyta við að skýra afstöðu Íslendinga til Evrópusambandsins. Til að mynda segir Magnús Árni Magnússon (2005) að fullveldið sé meginástæða á andstöðu margra Íslendinga við ESB-aðild Íslands.³⁰ Öfugt við margar aðrar þjóðir sem öðluðust sjálfstæði í kjölfar vopnaðra átaka eða með uppgjöri við úrelt þjóðskipulag fékkst sjálfstæði Íslands með lögfræðilegum gjörningi og fullveldisbaráttan var fyrst og fremst háð með menningarlegum og sögulegum rökum eftir lögfræðilegum farvegi, eins og fjallað er um í sjöunda kafla. Getur verið að þetta sé helsta ástæða fyrir tregðu hjá íslenskum stjórnvöldum við að framselja hluta af lögformlegu fullveldi til yfirþjóðlegra stofnana?

Vandinn við þá skýringu að fullveldishugmyndir hafi komið í veg fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu felst ekki síst í því að með EES-samningnum framseldi Ísland ákvarðanarétt á ýmsum mikilvægum sviðum til stofnana Evrópusambandsins, eins og ýtarlega er greint í hluta II. Því er nauðsynlegt að greina muninn á afsali ákvarðanatökuréttar og þar með fullveldisframsali annars vegar með EES-aðild og hins vegar ef Ísland kys að ganga alla leið í Evrópusambandið. Í þessu sambandi þarf meðal annars að greina á milli formlegs fullveldisframsals og raunverulegs framsals ákvarðanatöku, og spyrja meðal annars

²⁹ „ESB: Íslendingar stýrðu kvótamálum sjálfir“ (2007).

³⁰ Magnús Árni Magnússon (2005). The debate on European integration. Niðurstaða Magnúsar er byggð á orðræðugreiningu í íslenskum fjölmiðli á árunum 2002–2003.

hvort aðildin að EES feli raunverulega í sér álíka framsal á fullveldi og full aðild að Evrópusambandinu.

Þótt það sé vissulega umdeilanlegt nú komst nefnd lögfræðinga á vegum þáverandi ríkisstjórnar undir formennsku Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara að þeirri niðurstöðu við lok samningsgerðarinnar um Evrópska efnahagsvæðið árið 1992 að samningurinn fæli ekki í sér brot á fullveldisákvæðum stjórnarskrárinnar.³¹ Eins og rakið er í tíunda kafla efuðust aðrir lögfræðingar, svo sem Guðmundur Alfreðsson, um þessa niðurstöðu. Full aðild að Evrópusambandinu felur hins vegar klárlega í sér að ríkin deila formlegu fullveldi í sameiginlegum stofnunum sem geta með formlegum hætti tekið bindandi ákvarðanir fyrir öll aðildarríkin, í mörgum tilfellum án þess að um samhljóða ákvörðun sé að ræða því ákvörðunum sem teknar eru með auknum meirihluta hefur fjölgað.³²

Sú spurning hlýtur að vakna hvað olli því að Íslendingar sættu sig við það raunverulega framsal ákvarðanatöku sem fólst í EES-aðildinni um leið og þeir voru fullir efasemda um hið formlega fullveldisafsal sem felst í fullri aðild að ESB. Getur verið að það sé ekki endilega tregða við að deila ákvörðunarrétti með öðrum sem kom í veg fyrir að Ísland tæki fullan þátt í Evrópusamrunanum, heldur kannski frekar hugmyndir Íslendinga um fullveldi þjóðarinnar, sem ekki mætti framselja með formlegum hætti? Þrátt fyrir að hugsanlegar skýringar á tengslum Íslands við Evrópusamrunann hafi töluvert verið rannsakaðar, bæði með tilliti til utanaðkomandi breytinga í alþjóðakerfinu, ríkjandi hagsmuna og þjóðernishugmynda, hefur enn ekki verið rannsakað sérstaklega hvort hugmyndir um formlegt fullveldi þjóðarinnar hafi komið í veg fyrir fulla aðild að ESB en samrýmist samt sem áður hinu raunverulega framsali fullveldis sem felst í aðildinni að EES. Draga má viðfangsefni rígerðarinnar saman í eftirfarandi spurningu:

Getur verið að áhersla á formlegt fullveldi Íslands hafi dregið úr áhuga íslenskra stjórnámálamanna á að sækjast eftir fullri aðild að ESB en að efnahagslegur þrýstingur um þátttöku í Evrópusamrunanum – sem allar þjóðir í Vestur-Evrópu finna fyrir – hafi gert það að verkum að Íslendingar sættu sig við það raunverulega framsal á ákvarðanatöku sem fólst í EES-samningnum, svo framarlega sem Íslendingar héldu áfram hinu formlega fullveldi?

VI. Aðferð og uppbygging

Til að takast á við framangreinda rannsóknarspurningu er notast við eigindlegar rannsóknaraðferðir. Byggt er á fræðilegum heimildum og frumgögnum. Auk eigin rannsóknar er einkum byggt á fræðilegum rannsóknum um Evrópusamrunann og kenningum á tengslum Norðurlandarákjanna við Evrópusamrunann almennt og Íslands sérstaklega. Þá er lögð

³¹ Sérfræðinganefnd um EES og stjórnarskrána skilar álit (1992). Í nefndinni sátu Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, Ólafur Walther Stefánsson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, og lagaprófessorarnir Stefán Már Stefánsson og Gunnar G. Schram.

³² Sjá: Treaty on European Union (1992).

áhersla á að skoða sérstöðu Íslands í sögulegu ljósi með aðaláherslu á þróun þjóðernishugtaksins á Íslandi? Sjónum er einkum beint að afstöðu stjórnmalastéttarinnar í landinu sem hér er skilgreind sem þingmenn á Alþingi. Til að varpa ljósi á afstöðu stjórnmalaelítunnar verða þrjár umræðulotur á Alþingi um Evrópumál sérstaklega greindar, fyrst umræðan í aðdraganda aðildarinnar að EFTA, síðan umræðan um EES-málið og loks afmarkað tímabil í umræðunni um hugsanlega aðild að ESB.

Í rannsókninni er kenning Ingebritsen um að ríkjandi hagsmunir í hverju landi fyrir sig skýri tengsl Norðurlandarákja við Evrópusamrunann lögð til grundvallar og spurt hvort hún standist sem megin-skýringarbreyta. Fjallað er kerfisbundið um gagnrýni helstu fræðimanna sem tekist hafa á um nálgun Ingebritsen, svo sem þá sem teljast til síðformgerðarhyggju og mótunarhyggju. Meðal annars er sótt í smiðju Guðmundar Hálfðanarsonar og Birgis Hermannssonar við að greina sérstakan skilning Íslendinga á hugtökunum þjóð og fullveldi.

Ritgerðinni er skipt í þrjá hluta og 22 kafla, inngang, kenningaramma og tvo hluta sem byggjast á empirískri rannsókn. Í hinum fyrri eru rannsökuð núverandi tengsl Íslands við Evrópusamrunann en í hinum síðari eru fullveldisorðræðan og Evrópuumræðan til skoðunar. Í lokakafla eru efnisatriði rannsóknarinnar tengd saman í almennri umræðu og niðurstöður kynntar.

I. hluti – Kenningarammi og fræðileg umræða

Í fyrsta hluta er farið kerfisbundið í gegnum hina fræðilegu umræðu sem átt hefur sér stað um hvað ráði tengslum ríkja við Evrópusamrunann. Sérstök áhersla er lögð á stöðu Norðurlandarákja. Spurt er hvort hagsmunir eða hugmyndir skýri betur Evróputengsl ríkja. Ingebritsen heldur því fram að hagsmunir leiðandi atvinnugreinar ráði tengslunum við Evrópusamrunann. Í þessum hluta er spurt hvort kenning Ingebritsen geti skýrt stöðu Íslands í evrópsku samstarfi. Samkvæmt kenningu hennar eru það hagsmunir í sjávarútvegi sem halda Íslandi fyrir utan Evrópusambandið. Ingebritsen rannsakar Norðurlönd sérstakleg. Hún segir að hagsmunir í landbúnaði hafi verið ráðandi um Evrópuför Danmerkur á sínum tíma og að hagsmunir í iðnaði hafi svo orðið til þess að Svíþjóð og Finnland söðlu um úr EES yfir í ESB eftir lok kalda stríðsins. Þá haldi olíuiðnaðurinn Noregi fyrir utan ESB. Eins og áður segir er það þá sjávarútvegurinn sem skýrir stöðu Íslands fyrir utan ESB.

Mótunarhyggjumenn hafa gagnrýnt Ingebritsen fyrir að taka ekki nægjanlegt tillit til þjóðernishugmynda og síðformgerðarhyggjumenn gagnrýna hana að auki fyrir að beita ekki orðræðugreiningu til að leiða í ljós skilning manna á lykilhugtökum á borð við þjóð og ríki. Jafnframt er hér byggt á gagnrýni fræðimanna á borð við Baldur Þórhallsson og Guðmund Hálfðanarson sem meðal annars halda því fram að líta þurfi til ýmissa annarra skýringarbreytna, þar á meðal til þjóðernishugmynda. Hér er byggt á þeirri tilgátu að hugmyndir Íslendinga um fullveldið og þjóðina skýri ef til vill ekki síður tregðu Íslands í evrópsku samstarfi en hagsmunir sjávarútvegsins, hinnar leiðandi atvinnugreinar á Íslandi.

Áður en hægt er að átta sig á hvort og þá hvernig orðræða sjálfstæðisbaráttunnar hefur áhrif á Evrópuumræðuna er því nauðsynlegt að gera grein fyrir hugmyndum Íslendinga um fullveldið og þjóðina. Hin kenningarlega umræða er hér notuð til að afmarka fræðilegan ramma rannsóknarinnar þar sem fjallað er um þjóðernisstefnuna og sérstakan skilning Íslendinga á fullveldishugtakinu. Hér er byggt á rannsóknum Guðmundar Hálfðanarsonar og Birgis Hermannssonar en niðurstöður þeirra gefa til kynna að rótfastar og íhaldssamar hugmyndir um fullveldi þjóðarinnar frá því í sjálfstæðisbaráttunni móti enn afstöðu Íslendinga til stjórnámálalegra álitamála, sérstaklega þegar kemur að tengslunum við útlönd.

Í fræðunum hefur því ekki enn verið svarað með sannfærandi hætti hvort hagsmunir eða hugmyndir skýri betur tengsl ríkja við Evrópusamrunann. Um það er enn deilt. Til að geta svarað þeirri spurningu hvort hagsmunir í sjávarútvegi eða hugmyndir Íslendinga um fullveldið og þjóðina skýri betur tengsl Íslands við Evrópusamrunann þarf því að rannsaka sérstaklega þá umræðu sem fram hefur farið á Íslandi um tengslin við Evrópu. Það er viðfangsefni þriðja hluta. Áður þarf hins vegar að gera grein fyrir núverandi stöðu Íslands í Evrópusamvinnunni. Það er viðfangsefni annars hluta.

II. hluti – Tengslin við Evrópu

Í öðrum hluta, sem byggist á empirískri rannsókn úr fyrirliggjandi heimildum, er gerð grein fyrir tengslum Íslands við Evrópusamrunann. Velflest ríki í Evrópu kusu að taka þátt í Evrópusamstarfinu með fullri aðild að ESB en á Íslandi og í Noregi var hins vegar ákveðið að tengjast Evrópusamstarfinu í gegnum EES og Schengen-samstarfið. Sviss hafði svo valið enn aðra leið með tvíhliða samningum. Í opinberum gögnum var jafnan lögð áhersla á að aðild Íslands að EES fæli ekki í sér formlegt framsal á fullveldi. Það kann að vera rétt í lagalegum skilningi en hér er raunveruleg stjórnámálaleg staða Íslands í Evrópusamvinnunni hins vegar til skoðunar. Því er spurt hvort verið geti að með aðildinni að EES og Schengen hafi Ísland í raunverulegum stjórnámálalegum skilningi gerst virkur þátttakandi í Evrópusamrunanum.

Til að svara þessari spurningu er fyrst fjallað um stofnanaleg tengsl Íslands við Evrópusamrunann í sögulegu ljósi, til að mynda hvað varðar aðildina að EFTA árið 1970. Meginrannsóknaráherslan í þessum hluta felst þó í að greina þau áhrif sem aðildin að EES hafði á íslenskt samfélag og að leggja mat á hversu víðtækt samstarfið var orðið. Hér er meðal annars fjallað um hina formlegu lagalegu stöðu og skoðað hvernig hún fellur saman við hið raunverulega samstarf í stjórnámálalegum skilningi. Með því að kortleggja áhrif Evrópusamrunans á íslenskt þjóðfélag í gegnum EES-samninginn og Schengen á að vera unnt að leggja mat á þann mun sem fólst í aðild að EES annars vegar og fullri aðild að ESB hins vegar. Aðeins með því móti er mögulegt að svara þeirri spurningu hvort aðildin að EES fól í sér raunverulegt framsal á ákvarðanatöku og bera það þá saman við hið formlega framsal fullveldis sem aðild að ESB felur óneitanlega í sér. Niðurstaða rannsóknarinnar í heild veltur á svarinu við þeirri spurningu. Í 15. kafla er því kortlagður sá munur sem felst í aðild að EES annars vegar og ESB hins vegar, þar með talið hvað viðkemur sjávarútvegi.

III. hluti – Evrópumræðan og fullveldið

Í þriðja hluta ritgerðarinnar fer fram greining á þremur skilgreindum umræðulotum á Alþingi, þegar fjallað hefur verið um nánari tengsl Íslands við Evrópusamvinnuna. Hér er afstaða stjórnámálanna á Alþingi sérstaklega til skoðunar enda hafa Evrópumálin aldrei verið lögð fyrir íslenska kjósendur í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Fyrst er skoðuð umræðan sem fram fór í aðdraganda aðildarinnar að EFTA árið 1970 (1968–69). Inn í þá umræðu er fléttað umfjöllun sem fór fram á þingi árin 1957 til 1959 um fyrirhugað fríverslunarsvæði í Evrópu, sem segja má að hafi verið undanfari umræðunnar um EFTA-aðildina. Megináhersla er hins vegar lögð á að greina orðræðuna sem beitt var í deilunni um EES-aðildina sem varð árið 1994 enda fór þá fram viðamesta umræðan (1989–1992). Að lokum er til skoðunar viðamesta umræðan sem fór fram um hugsanlega Evrópusambandsaðild á Alþingi, en það var á árunum 2000 til 2003.

Vinna við þessa ritsmíð hófst einmitt við lok þeirrar umræðulotu, í árslok 2003, þegar Ísland hafði verið í áratug á Evrópska efnahagssvæðinu. Eftir það fór lítil umræða fram um Evrópumál fyrr en árið 2006 þegar rætt var um mögulega upptöku evru. Það var svo ekki fyrr en með falli bankakerfisins í október 2008 að íslenskir stjórnámálamenn fóru að ræða um mögulega ESB-aðild af fullum þunga á nýjan leik. Þrátt fyrir að umræðulotan um mögulega ESB-aðild afmarkist hér við árslok 2003 er vitaskuld notast við seinni tíma heimildir í viðleitni við að fylla upp í myndina eftir því sem þurfa þykir.

Sá munur er á þriðju umræðulotunni og þeim fyrri sem hér eru til skoðunar að umræðulotan um hugsanlega ESB-aðild fór ekki fram á grundvelli neinnar tillögu á Alþingi og því gefur umræðan á þingi ekki fulla mynd af þeirri umræðu sem átti sér stað í þjóðfélaginu. Af þeim sökum verður fyllt upp í myndina með því að skoða einnig þá umræðu sem fór fram á síðum Morgunblaðsins á sama tímabili, sem og með því að bæta við endurminningum lykilstjórnámálanna í umræðunni þar sem það á við. Morgunblaðið er hér valið sökum þess að á þessum tíma var stjórnálaumræðan fyrirferðamest þar, af útgefnum blöðum á landsvísu birti blaðið langsamlega flestar aðsendar greinar.

Til skoðunar eru þær röksemdir sem stjórnámálamenn færðu fram, annaðhvort með eða á móti nánari tengslum við Evrópusamvinnuna. Út frá greiningu á þeirri umræðu er lagt mat á hvort hugmyndir Íslendinga um fullveldið og þjóðina geti ef til vill skýrt stöðu Íslands í Evrópusamvinnunni. Meðal annars er skoðað hversu mikil áhrif hugmyndir manna um fullveldið og þjóðina höfðu á orðræðuna um Evrópumálin. Reynt er að svara þeirri spurningu sem sett er fram hér að framan, hvort hagsmunir í sjávarútvegi eða hugmyndir Íslendinga um fullveldið og þjóðina skýri betur stöðu Íslands fyrir utan ESB á því tímabili sem hér er til rannsóknar. Ef niðurstaðan er sú að sjávarútvegurinn hafi verið raunveruleg hindrun í vegi fyrir Evrópusambandsaðild landsins styður það kenningu Ingebritsen og gengur þá um leið gegn þeirri tilgátu sem liggur til grundvallar þessari rannsókn, að hugmyndir Íslendinga um fullveldið og þjóðina geti ekki síður skýrt tregðu Íslands til að taka fullan þátt í stofnunum ESB.

Reynist sú tilgáta hins vegar rétt þarf að skýra hvað það er í skilningi Íslendinga á fullveldishugtakinu sem gerði þeim kleift að setta sig við það raunverulega framsal fullveldis sem fólst í EES-aðildinni en kom um leið í veg fyrir fulla aðild að ESB.

Samantekt, ályktanir og umræða

Í lokakafli rannsóknarinnar er umræðan um tengsl Íslands við Evrópusamrunann, í gegnum EFTA, EES og hugsanlega aðild að ESB (sjá hluta III), sett í samhengi við aðra umræðu sem fram hefur farið á Íslandi um sjálfstæði landsins og fullveldi þjóðarinnar. Þá er skoðað hvernig hin fræðilega umræða um tengsl ríkja við Evrópusamrunann (sjá hluta I) passar við raunverulega stöðu Íslands í Evrópusamvinnunni (sjá hluta II). Til að styðja við greiningu á áhrifum hugmynda um þjóðernið á Evrópuumræðuna á Íslandi eru tekin dæmi úr afmörkuðum þáttum í umræðunni, svo sem deilunni um hlutfall lagagerða ESB sem Íslandi var gert að fylgja og viðamikilli umræðu sem fram fór um upptöku evru. Þessa þætti má nota til að greina hvort hugmyndir um fullveldi þjóðarinnar hafa áhrif á umræðuna og þá hvernig.